

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um starfsemi stjórnálasamtaka, nr. 162/2006 (framlög hins opinbera til stjórnálastarfsemi).

Flm.: Diljá Mist Einarsdóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir,  
Vilhjálmur Árnason, Óli Björn Kárasón, Ásmundur Friðriksson.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað „12 millj. kr.“ í 1. mgr. kemur: 7 millj. kr.
- b. Í stað „2,5% atkvæða“ í 2. mgr. kemur: 4% atkvæða.
- c. 3. mgr. fellur brott.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað „550.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.300.000 kr.
- b. Í stað „100.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 240.000 kr.
- c. Í stað „550.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 1.300.000 kr.
- d. Í stað „100.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 240.000 kr.
- e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Stjórnálasamtökum, sem ekki uppfylla skilyrði til að fá framlag frá hinu opinbera á grundvelli 3.–5. gr., er heimilt að taka á móti framlögum sem nema allt að tvöföldum hámarksframlögum sem tilgreind eru í 1.–3. mgr.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Lög um starfsemi stjórnálasamtaka voru samþykkt árið 2006. Með lögunum var fjármögnun stjórnálaflokka takmörkuð verulega en í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 162/2006 kom fram að samhliða þessari breytingu væri brýnt að hækka verulega framlag úr ríkissjóði til stjórnálastarfsemi. Það hefur sannarlega gengið eftir, en opinber framlög til stjórnálaflokka hafa margfaldast frá setningu laganna og eru nú helsta tekjulind þeirra. Þessi fjárfamlög koma til viðbótar við framlög til stjórnálaflokka í formi aðstoðarmanna og starfsmanna þingflokka samkvæmt ákvörðun á fjárlögum. Líkt og frumvarpinu var ætlað breytti það því starfsumgjörð stjórnálaflokka héraendis „veruleg[a]“ en með síhækkandi opinberum framlögum samhliða takmörkun á tekjuöflun stjórnálaflokka, hafa flokkarnir í raun verið gerðir að ríkisstofnunum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga nr. 162/2006, um starfsemi stjórnálasamtaka, sem varða framlög til stjórnálastarfsemi. Breytingarnar lúta að því að lækka lítillaga styrki hins opinbera til stjórnálaflokka og miða að því að auka

sjálfstæði þeirra og óhæði gagnvart hinu opinbera. Samhliða þessari breytingu er brýnt að auka möguleika stjórnmalaflokka á sjálfstæðri tekjuöflun og eru því lagðar til breytingar sem miða að því. Eftir sem áður verður stjórnmalaflokkum þó þröngur stakkur sniðinn við móttöku framlaga og framlög frá óþekktum gefendum verða áfram óheimil. Þá verður áfram skylt að veita upplýsingar um öll fjárframlög til stjórnmalaflokka.

Þá er lagt til að lágmarksatkvæðafjöldi stjórnmalasamtaka sem geti fengið úthlutað fé úr ríkissjóði verði hækkaður úr 2,5% í 4%. Þar vegast á sjónarmið annars vegar um að mikilvægt sé að undanskilja ekki sjálfkrafa flokka sem hafa ekki náð manni kjörnum á Alþingi í þágu lýðræðis og almennra skoðanaskipta og hins vegar að hlutfallstalan hvetji ekki fólk til framboðs vegna möguleikans á fjáröflun, enda er það ólýðræðislegt að úthluta háum fjármunum skattgreiðenda í þágu stjórnmalastarfsemi og hugmyndafræði sem þeir hafi hafnað í lýðræðislegum kosningum. Á móti er lagt til að stjórnmalasamtök, sem ekki uppfylli skilyrði laganna um framlög úr ríkissjóði, hafi rýmri heimildir til sjálfstæðrar tekjuöflunar. Rökin að baki þessu eru þau að þar sem slík samtök þiggja ekki framlög frá hinu opinbera, auk þess sem þau fari ekki með formlegt vald, sé ekki ástæða til þess að setja sjálfstæðri tekjuöflun þeirra eins miklar skorður og ella. Því er lagt til að þeim stjórnmalasamtökum sem ekki eiga rétt á framlagi frá hinu opinbera samkvæmt lögnum sé heimilt að taka við tvöfalt hærri framlögum frá einstaklingum og lögaðilum skv. 1.–3. mgr. 7. gr. heldur en þau stjórnmalasamtök sem njóta fjárhagslegs stuðnings hins opinbera.

Lagt er til að fjárhæðir í 3. gr. laganna verði lækkaðar um helming miðað við núvirðingu fjárhæða laganna og að ákvæði um fjárstyrk úr ríkissjóði vegna kosningabaráttu falli brott. Þá er lagt til að fjárhæðir í 7. gr. laganna verði tvöfaldar miðað við núvirðingu fjárhæða laganna.

Það er eindregið mat flutningsmanna að sú þróun sem hafi orðið hér á landi vegna hárra framlaga hins opinbera til stjórnmalaflokka dragi úr stjórnmalastarfi flokka og tengslum þeirra við flokksmenn sína og við atvinnulífið, enda þurfa flokkarnir sífellt minna á þeim að halda í öruggum faðmi hins opinbera. Grundvöllur þess að stjórnmalaflokkar séu hornsteinn lýðræðis í landinu er sá að þar fari fram virk starfsemi og þjóðmálaumræða, en ríkiskostunin hefur dregið úr hvata flokkanna til að sinna því hlutverki. Það er öfugþróun enda eru stjórnmalaflokkar einungis skipulögð lýðræðisleg samtök fólksins sem þá myndar. Í framkvæmd hefur fjárstyrkur hins opinbera því hamlað starfsemi og sjálfstæði stjórnmalaflokka sem gengur þvert á upphaflegt markmið með setningu laganna. Þá hefur fjáraustur hins opinbera til stjórnmalaflokka síst dregið úr umfangsmikilli kosningabaráttu, eins og vonast var til með setningu laganna og er miklum fjármunum skattgreiðenda varið í auglýsingaherferðir stjórnmalaflokka.